

Skipulags- og samgönguráð

Ár 2019, miðvikudaginn 20. nóvember kl. 10:05 var haldinn 55. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal. Viðstaddir voru: Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, Geir Finnsson, Aron Leví Beck, Eyþór Laxdal Arnalds, Ólafur Kr. Guðmundsson, Katrín Atladóttir og áheyrnarfulltrúarnir Daníel Örn Arnarsson, Baldur Borgþórsson. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Sigurjóna Guðnadóttir og Gréta Mar Jósepsdóttir. Fundarritari var Harri Ormarsson.

Petta gerðist:

(A) Skipulagsmál

1. **Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð** Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 14. nóvember 2019.

2. **Furugerði 23**, breyting á deiliskipulagi (01.807.4) Mál nr. SN170927
640517-0850 EA11 ehf., Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 20. september 2019 þar sem gerð er athugasemd við birtingu auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda vegna atriða er varðar hljóðvegg og hljóðvist í skilmálum deiliskipulagsins. Einnig bendir stofnunin á nokkur atriði sem æskilegt er að lagfæra. Einnig er lögð fram hljóðskýrsla dags. 1. júní 2018 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. nóvember 2019.

- Kl 10:09 tekur Þór Elís Pálsson sæti á fundinum.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 14. nóvember 2019. Vísað til borgarráðs.

Sólveig Sigurðardóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. **Grundarstígur 7**, breyting á (01.184.0) Mál nr. SN190048
deiliskipulagi
260388-2319 Árni Guðjónsson, Grundarstígur 7, 101 Reykjavík
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu lögð fram að nýju tillaga að breytingu á deiliskipulagi Bergstaðastrætisreits, reitur 1.184.0, vegna lóðarinnar nr. 7 við Grundarstíg. Í breytingunni felst að lóðinni er skipt upp í tvær lóðir Grundarstígur 7 og 7B, kvöð er á lóðinni nr. 7 um umferð, sem og heimild til lagnar fráveituheimæðar og annarra lagna, leyfilegt nýtingarhlutfall lóðanna tveggja er aukið, byggingarreitir bílskúrs á lóð 7B stækkar og heimilt er að fjarlægja bílskúr og reisa innan byggingarreitsins íbúðarhús, kjallara og hæð, allt að 120 fm., samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 27. maí 2019. Einnig er lagður fram skuggavarsuppdráttur dags. 237. maí 2019 uppf. 20. september 2019. Tillagan var auglýst frá 28. júní til og með 27. september 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Diljá C. Þiðriksdóttir f.h. Friðriks Þórs Stefánssonar dags. 8. ágúst 2019, G. Rósa Eyvindardóttir dags. 9. ágúst, Vigdís Pálsdóttir og Örn Úlfar Höskuldsson dags. 9. ágúst 2019 og Helgi Kristinn Grímsson dags. 9. ágúst 2019. Einnig er lagður fram tölvupóstur Jón Þórs Einarssonar og Þóru Elísabetar Kjeld

dags. 6. september 2019. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa 14. nóvember 2019.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 14. nóvember 2019.
Vísað til borgarráðs.

Ingvar Jón Bates Gíslason verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. **Efstaleiti 7**, breyting á deiliskipulagi (01.745.4) Mál nr. SN190370
420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
521095-2459 SÁÁ samtök, Efstaleiti 7, 103 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn ASK Arkitekta ehf. dags. 18. júní 2019 ásamt bréfi dags. 14. júní 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi RÚV-reits vegna lóðarinnar nr. 7 við Efstaleiti. Í breytingunni felst stækkun byggingarreits ofanjarðar vegna stigahúss og lyftu, aukningu á byggingarmagni ofanjarðar og breytta skilgreiningu á notkun, samkvæmt uppdrætti ASK Arkitekta ehf. dags. 14. júní 2019, br. 11. nóvember 2019. Tillagan var grenndarkynnt frá 2. október 2019 til og með 30. október 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasendir: Rauði krossinn dags. 11. október 2019. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 14. nóvember 2019 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. nóvember 2019. Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 13. nóvember 2019.

Jón Kjartan Ágústsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. **Suðurlandsbraut 34/ Ármúli 31**, lýsing (01.265.2) Mál nr. SN190500
530117-0570 Reitir - iðnaður ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
501193-2409 ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju umsókn Kristjáns Ásgeirssonar dags. 28. ágúst 2019 ásamt skipulagslýsingu dags. í ágúst 2019 vegna breytingu á deiliskipulagi Suðurlandsbrautar34/Ármúla 31, reitur 1.265. Í skipulagslýsinguinni eru fyrirhugaðar breytingar á deiliskipulagi tilgreindar. Í breytingunni felst að gert ráð fyrir að þétt ný blönduð byggð rís í stað atvinnuhúsnæðis. Kynning stóð til og með 10. október 2019. Eftirtaldir stofnanir sendu umsagnir: Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur dags. 20. september 2019, Skipulagsstofnun dags. 25. september 2019, skrifstofa umhverfisgæða dags. 1. október 2019, Minjastofnunar Íslands dags. 15. október 2019 og Borgarsögusafn Reykjavíkur dags. 18. október 2019. Erindinu var vísað til vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. október 2019 og er nú lagt fram að nýju. Athugasemdir kynntar.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins bóka:

Á þessum reit eru mikil tækifæri til uppbyggingar. Rétt er að benda á að verið er að gera ráð fyrir talsvert fleiri íbúðum en gert er ráð fyrir í aðalskipulagi, eða allt að 500. Mikilvægt er að huga því að skólahaldi og innviðum fyrir börn í þessu sambandi. Þá liggur ekki fyrir hver fjöldi bílastæða verður á reitnum og er rétt að hafa þar sveigjanleika til að hafa næg bílastæði neðanjarðar.

Hrafnhildur Sverrisdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. **Starmýri 2**, breyting á deiliskipulagi (01.283.0) Mál nr. SN190437
520716-0920 Starmýri 2A ehf., Viðarrima 33, 112 Reykjavík
680504-2880 PKdM Arkitektar ehf., Brautarholti 4, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn PKdM Arkitekta ehf. dags. 18. júlí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Safamýri/Álftamýri vegna lóðar nr. 2 við Starmýri. Í breytingunni felst að hækka hús nr. 2a um tvær hæðir frá núverandi ástandi og bæta við byggingarreit til vesturs fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi sem snýr að Álftamýri. Breytingin gerir ráð fyrir að á lóðinni verði heimild fyrir íbúðir, verslunar- og þjónustustarfsemi og aðra atvinnustarfsemi sem samræmast notkunarskilgreiningum í Aðalskipulagi Reykjavíkur. Auk þess er gert ráð fyrir breytingum á lóð og nýjum bílastæðaskilmálum í samræmi við áherslur Aðalskipulags, samkvæmt uppdr. PKdM Arkitekta ehf. dags. 12. september 2019, br. 13. nóvember 2019.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Ingvar Jón Bates Gíslason verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(B) Byggingarmál

7. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa,** Mál nr. BN045423
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1044 frá 12. nóvember 2019.

(C) Fyrirspurnir

8. **Kalkofnsvegur 1, Seðlabankinn,** (fsp) (01.150.2) Mál nr. SN190455
hækkun húss að hluta
560269-4129 Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík
500191-1049 Arkþing - Nordic ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Helga Mars Hallgrímssonar f.h. Seðlabanka Íslands dags. 25. júlí 2019 um hækkun hússins á lóð nr. 1 við Kalkofnsveg að hluta til um tvær hæðir, samkvæmt tillögu Arkþings ehf. ódags. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. nóvember 2019. Frestað

Ingvar Jón Bates Gíslason verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(E) Samgöngumál

9. **Reynisvatnsás: Haukdælabraut,** Mál nr. US190385
Döllugata, Gissurargata, hámarkshraði

Lagt fram bréf dags. 15. nóvember 2019 þar sem lagt er til að leyfilegur hámarkshraði verði 30 km/klst á eftirfarandi götum: Haukdælabraut, Döllugata og Gissurargata. Göturnar eru allar innan hverfisins Reynisvatnsás.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

10. **Dyngjuvegur, Stöðubann** Mál nr. US190383

Lagt er fram bréf dags. 13. nóvember 2019 þar sem Lagt er til að sett verði bann við því að leggja við norðausturkant Dyngjuvegur norðvestan Kamsvegar. Bannið sé táknað með B21.11.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

(D) Ýmis mál

11. **Tilmæli umboðsmanns borgarbúa,**
vegna framkvæmda í miðborginni og á
öðrum viðkvæmum rekstrarsvæðum

Mál nr. US190380

Lagt er fram bréf dags. 31. október 2019 frá umboðsmanni borgarbúa vegna framkvæmda í miðborginni og á öðrum viðkvæmum rekstrarsvæðum.
Lagt fram.

Fulltrúi Miðflokksins bókar:

Fulltrúi Miðflokksins tekur heilshugar undir tilmæli umboðsmanns borgarbúa.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins bókar:

Framkvæmdir á vegum Reykjavíkurborgar hafa dregist úr hófi. Þetta hefur valdið rekstraraðilum tjóni. Fjölmargir aðilar hafa kvartað yfir þessu verklagi og er Umboðsmaður borgarbúa ekki einn um þetta. Borgin þarf að tryggja betra utanumhald verklegra framkvæmda og stórbæta alla upplýsingagjöf og samráð.

Flokkur fólksins bókar:

Flokkur fólksins hefur ítrekað reynt að fá borgaryfirvöld til að hlusta á borgarbúa og virða þeirra óskir þegar kemur að stórframkvæmdum sem hafa víðtæk áhrif á rekstur. Flokkar eins og Viðreisn og Píratar hjala um að hafa samráð sem eru bara orðin tóm. Nú hefur umboðsmaður borgarbúa bæst í hóp þeirra sem eru að reyna að koma vitinu fyrir borgarmeirihlutann. Með tilmælum sínum kallar umboðsmaðurinn eftir að borgarmeirihlutinn keyri ekki áfram framkvæmdir ýmist í óþökk íbúa og rekstraraðila nema hvort tveggja sé. Hvert málið hefur rekið annað þar sem farið er í framkvæmdir þrátt fyrir hávær mótmæli og ákall um hlustun. Eiga erindin það sammerkt að lýsa neikvæðri upplifun aðilanna af Reykjavíkurborg í tengslum við þær framkvæmdir. Snúa umkvörtunarefnin helst að skorti á árangursríku samráði og nægu upplýsingaflæði í aðdraganda framkvæmda og á verk tíma eins og segir í tilmælum umboðsmanns borgarbúa. Önnur sambærileg mál er breytingar á skólahaldi í norðanverðum Grafarvogi sem keyra á í gegn þrátt fyrir hávær mótmæli. Einnig eru framkvæmdir fyrirhugaðar við Stekkjarbakka sem fólk vill fá að skoða betur og kallað hefur verið eftir að fari í íbúakosningu. Það sýnir ómældan hroka og yfirgang yfirvalda borgarinnar að ætla ekki að staldra við í þessum málum.

Fulltrúi Pírata, fulltrúi Viðreisnar og fulltrúar Samfylkingarinnar gagnbóka:

Fulltrúar Pírata, Viðreisnar og Samfylkingar telja mikilvægt að öllum ráðum sé beitt til að koma í veg fyrir tafir á framkvæmdum á borgarlandinu. Sem betur er vinna að bættu verklagi langt komin. Niðurstaðna er að vænta á næstu vikum.

12. **Áfangastaðurinn Reykjavík,** erindi til
umsagnar

Mál nr. US190379

Lögð eru fram drög ódags. að nýrri ferðamálastefnu fyrir Reykjavíkurborg þar sem leitað er umsagnar fagráða við drögin.
Vísað til umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra.

13. **Umhverfis- og skipulagssvið, 8 mánaðar uppgjör** Mál nr. US190384

Lögð er fram greinargerð 8 mánaða uppgjors Umhverfis- og skipulagssviðs janúar - ágúst 2019.
Lagt fram.

14. **Betri Reykjavík/þín rödd, Endurnýja körfuboltavöll við leikskólann Skógarborg (USK2018040058)** Mál nr. US190386

Lagt fram meðferðar erindið "Endurnýja körfuboltavöll við leikskólann Skógarborg" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 30. apríl 2018. Erindið var efsta hugmynd aprílmánaðar á samráðsvefnum og jafnframt efst í málaflokknum framkvæmdir.
Vísað til umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu rekstur og umhirða borgarlands.

15. **Betri Reykjavík/þín rödd, Hjólastæði við lágvöruverðverslun Hallveigarstíg (USK2019100057)** Mál nr. US190387

Lagt fram meðferðar erindið "Hjólastæði við lágvöruverðverslun Hallveigarstíg" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 16. september 2019. Erindið var næst efsta hugmynd ágústmánaðar á samráðsvefnum.
Vísað til umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu rekstur og umhirða borgarlands.

16. **Betri Reykjavík/þín rödd, Þingholt: Einstefnuakstursgötur og skástæði (USK2019100056)** Mál nr. US190388

Lagt fram meðferðar erindið "Þingholt: Einstefnuakstursgötur og skástæði" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 16. september 2019. Erindið var efsta hugmynd ágústmánaðar á samráðsvefnum ásamt því að vera vinsælasta hugmyndin í málaflokknum "Samgöngumál".
Vísað til umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

17. **Tillaga Flokk fólksins, um skilvirkari vinnubrögð við framkvæmdir og undirbúning í miðborg Reykjavíkur.** Mál nr. US190371

Varaborgarfulltrúi Flokk fólksins leggur til að farið verði gaumgæfilega í gegnum verkferla innan borgarinnar varðandi framkvæmdir í miðborginni. Jafnframt verði skoðað með alvarlegum hætti hvernig hægt er að haga samskiptum við borgarbúa og hagsmunaaðila sem eru staðsettir á því svæði sem framkvæmdir fara fram. Borgaryfirvöld verða að hafa í huga að bæði þeir sem eiga húsnæði og eru með rekstur á framkvæmdasvæði hafa sinn rétt á upplýsingum um fyrirhugaðar framkvæmdir og gang þeirra á öllu verkferlinu. Framkvæmdir eiga ekki að hafa svo víðtæk áhrif á íbúa og rekstraraðila að viðkomandi neyðast til að flytja af svæðinu eða hætta rekstri. Það er á ábyrgð borgarinnar að tryggja öllum íbúum hennar og rekstraraðiljum skjól. Flokkur fólksins leggur jafnframt til að áður en framkvæmdir hefjast sé tryggt að verktakar hafi allt sem þarf til verkefnisins, nægan mannskap á öllu tímabilinu, næg tæki og tól og umfram allt, allt efni sem þarf til framkvæmdanna. Ekki ætti að treysta á sendingar af efni sem ætlað er í framkvæmdir komi settum tíma til landsins, heldur verið að gera þá kröfu að allt efni sé til staðar þegar framkvæmdin hefst.

Tillögunni fylgir greinargerð.

Tillögunni er vísað frá.

Fulltrúi Pírata, fulltrúi Viðreisnar og fulltrúar Samfylkingarinnar bóka:

Tillögu Flokks fólksins er vísað frá á grunni þessa að ítarleg vinna um málið nú þegar langt komin. Miðlunaráætlun umhverfis- og skipulagssviðs liggur fyrir í drögum. Þar er sérstaklega fjallað um kynningu á þeim málum sem varða borgarbúa/hagsmunaaðila beint eins og framkvæmdir. Gert er ráð fyrir að koma eins ítarlegum upplýsingum og liggja fyrir með góðum fyrirvara beint til hagaðila svo þeir geti komið sínum athugasemdum á framfæri snemma í ferlinu og undirbúið sig fyrir óhjákvæmilegan álagstíma. Einnig er gert ráð fyrir ríkari kröfum um útlit verkstaðar í útboðsskilmálum sem og enn ríkari áherslu á aðgengi að starfsemi á meðan á framkvæmdum stendur. Aukið verður eftirlit með því að slíkum kröfum sé fylgt í þaula. Að auki er í bígerð aðkoma borgarhönnuða að stærri framkvæmdasvæðum með mótvægisáðgerðir í huga. Að lokum má segja frá því að fyrirhugað er að samstarf USK og Veitna verði þéttara í undirbúningi framkvæmda, upplýsingagjöf til hagsmunaaðila og öllu fyrirsvári.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins bókar:

Það sætir furðu að skipulagsráð skuli ekki taka undir tillögu af þessu tagi. Flokkur fólksins leggur áherslu á að vinnubrögð og samskipti við rekstraraðila séu skilvirkari þegar til standa framkvæmdir. Ræða þarf við fólkið á svæðinu, íbúa og rekstraraðila áður en verk hefst, heyra þeirra forsendur og áhyggjur ef eru og vera síðan í þétu sambandi við fólkið allan framkvæmdartímann. Flokkur fólksins furðar sig á samskiptaleyssi meirihlutans við alla aðila á neðanverðri Hverfisgötu fyrir og á framkvæmdatímabilinu, sem tafist hefur úr hófi fram. Rekstraraðilar hafa þurft að hætta rekstri og aðrir berjast fyrir tilvist sinni. Verktakar hafa gengið þannig um að erfitt hefur reynst fyrir viðskiptavinum að sækja þá þjónustu sem er í boði á svæðinu. Skipulagsyfirlit þurfa að gyrða sig í brók í þessum efnunum og fara gaumgæfilega í gegnum verkferla innan borgarinnar varðandi framkvæmdir í miðborginni. Framkvæmdir eiga ekki að hafa svo víðtæk áhrif á íbúa og rekstraraðila að viðkomandi neyðast til að flytja af svæðinu eða hætta rekstri. Það er á ábyrgð borgarinnar að tryggja öllum íbúum hennar og rekstraraðiljum skjól.

18. **Tillaga Flokks fólksins**, að staðið sé Mál nr. US190370
betur að undirbúningi framkvæmda til að
koma í veg fyrir óþarfa tafir.

Flokkur fólksins leggur til að staðið sé betur að undirbúningi framkvæmda til að koma í veg fyrir óþarfa tafir. Áður en framkvæmdir hefjast þarf að tryggja mun betur, en gert hefur verið, að allt tiltækt sem þarf til verkefnisins sé til staðar áður en verkið hefst s.s. nægan mannskap á öllu tímabilinu, næg tæki og tól og umfram allt, allt efni sem þarf til framkvæmdanna. Þannig verður tryggara að kostnaður fari ekki úr böndum og að tafir verði á verkinu verði óverulegar. Tafir eins og hafa verið á Hverfisgötu eru ekki líðandi og hafa þær stórskaðað rekstur þar og þar með sett rekstraraðila og fjölskyldur þeirra í mikinn vanda sem taka mun langan tíma að ná sér upp úr.

Tillögunni fylgir greinargerð.
Tillögunni er vísað frá.

Fulltrúi Pírata, fulltrúi Viðreisnar og fulltrúar Samfylkingarinnar bóka:

Tillögu Flokks fólksins er vísað frá á grunni þessa að ítarleg vinna um málið farin af stað og er nú þegar langt komin. Miðlunaráætlun umhverfis- og skipulagssviðs liggur fyrir í drögum. Þar er sérstaklega fjallað um kynningu á þeim málum er varða borgarþjón/hagsmunaaðila beint eins og framkvæmdir. Gert er ráð fyrir að koma eins ítarlegum upplýsingum og liggja fyrir með góðum fyrirvara beint til hagsmunaaðila svo þeir geti komið sínum athugasemdum á framfæri snemma í ferlinu og undirbúið sig fyrir óhjákvæmilegan álagstíma. Einnig er gert ráð fyrir ríkari kröfum um útlit verkstaðar í útboðsskilmálum sem og enn ríkari áherslu á aðgengi að starfsemi á meðan á framkvæmdum stendur. Aukið verður eftirlit með því að slíkum kröfum sé fylgt í þaula. Að auki er í bígerð að koma borgarhönnuða að stærri framkvæmdasvæðum með mótvægisáðgerðir í huga. Að lokum má segja frá því að fyrirhugað er að samstarf USK og Veitna verði þéttara í undirbúningi framkvæmda, upplýsingagjöf til hagsmunaaðila og öllu fyrirsvari.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins bókar:

Flokkur fólksins áréttar þá nauðsyn að allur undirbúningur framkvæmda á vegum eða fyrir Reykjavíkurborg sé nægur til að koma í veg fyrir óþarfa tafir og fjáraustur. Með því að vísa þessari tillögu frá tekur meirihlutinn undir að vinnubrögð séu slæg og illa undirbúin. Því fer sem fer. Það hefur verið dapurlegt að fylgjast með klúðrinu á Hverfisgötu, eilífar tafir sem hefur haft alvarlegar afleiðingar á rekstur fyrirtækja við götuna. Þarna hefur ekki verið staðið nógu vel að undirbúningi. Áður en framkvæmdir hefjast þarf að tryggja mun betur, en gert hefur verið, að allt tiltækt sem þarf til verkefnisins sé til staðar áður en verkið hefst s.s. nægan mannskap á öllu tímabilinu, næg tæki og tól og umfram allt, allt efni sem þarf til framkvæmdanna. Ekki er nóg að hendast bara af stað. Tafir eins og hafa verið á Hverfisgötu eru ekki líðandi og því miður er víða annars staðar í miðbænum sama vandamálið búið að vera.

19. **Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins borgarráðs, fjölga bílastæðum fyrir stóra bíla í úthverfum borgarinnar (USK2019090078)**

Mál nr. US190373

BORGARRÁÐ 26. september 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að borgin fari í átak við að fjölga bílastæðum fyrir stóra bíla í úthverfum borgarinnar - R19090307

Flokkur fólksins leggur til að borgin fari í átak við að fjölga bílastæðum fyrir stóra bíla í úthverfum borgarinnar. Oft er spurt hvar megi leggja hópferðabifreiðum t.d. að kvöldlagi og yfir nótt? Fólks spyr vegna þess að iðulega er stórum bílum lagt í hverfum, þvert yfir allt að 5 stæði við fjölbýlishús. Í lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík segir: "Vörubifreiðum sem eru 4 tonn að leyfðri heildarþyngd eða meira og fólksflutninga-bifreiðum sem flytja mega 10 farþega eða fleiri má ekki leggja á götum eða almennings-bifreiða-stæðum nema þau séu til þess ætluð. Bann þetta gildir einnig um hvers konar vinnuvélar. Borgarstjórn getur veitt undanþágu frá banni þessu og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði þar sem undanþága hefur verið veitt." En það er ekki nóg að banna eitthvað og hafa engin önnur úrræði til að bjóða. Vegna skorts á bílastæðum fyrir stóra bíla verða bílstjórar vöruflutningabíla oft að leggja á stöðum sem ekki er gert ráð fyrir að stórum bíl er lagt. Vandinn er oft slíkur að fólk sem býr í húsunum eða gestir fá ekki stæði vegna þess að stæðin hafa verið teppt af stærri bifreiðum. Bílastæðavandi stærri bifreiða er greinilega eitthvað sem þarf að skoða.

Tillagan er felld með fjórum atkvæðum fulltrúa Pírata, fulltrúa Viðreisnar og fulltrúa Samfylkingarinnar. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Fulltrúi Pírata, fulltrúi Viðreisnar og fulltrúar Samfylkingarinnar bóka:

Það er ekki hlutverk sveitarfélaga að útvega stæði fyrir stórar bifreiðar, hópferðarbíla og stór vinnutæki í íbúabyggð.

Fulltrú Flokks fólksins bókar:

Tillagan hefur verið felld þar sem áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram í borgarráðs, fjölga bílastæðum fyrir stóra bíla í úthverfum borgarinnar og fari í átak við að fjölga bílastæðum fyrir stóra bíla í úthverfum borgarinnar. Skortur á bílastæðum fyrir stóra bíla í úthverfum borgarinnar er raunverulegt vandamál. Það hafa ekki allir aðstöðu fyrir stóra bíla á vinnusvæðum og sumir eru sjálfstætt starfandi. Betra er að takast á við þennan vanda og finna sameiginlega lausn en að hunsa hann sem leiðir til þess að bílum er lagt þar sem þeim er ekki ætlað af neyð. Um þetta gilda vissulega reglur en það er ekki nóg að setja reglur ef ekki er á sama tíma fundið úrræði fyrir þá sem ekki falla undir reglurnar. Vissulega getur borgarstjóri veitt undanþágur og kann að vera að meira þurfi að gera af því þar sem aðstæður bjóða upp á. Fólk þarf að geta lagt bílum sínum við heimili sín og ef ekki er fundin lausn á stæðum fyrir stóra bíla þar sem þeirra er þörf munu kvartanir halda áfram að berast frá íbúum og gestum sem ekki fá stæði vegna þess að stæðin hafa verið teppt af stærrum bílum. Flokkur fólksins skorar á skipulagsyfirvöld borgarinnar að leysa þennan vanda.

20. **Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins borgarráðs, átak til að tryggja öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda í Úlfarsárdal (USK 2019100028)** Mál nr. US190382

BORGARRÁÐ 10. október 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um átak til að tryggja öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda í Úlfarsárdal - R19100240

Flokkur fólksins leggur til að átak verði gert í að tryggja öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda á gönguþverunum og gangbrautum í Úlfarsárdal. Víða í Úlfarsárdal eru gangbrautir ekki merktar eins og á að gera (sebrabrautir). Einnig vantar aðrar merkingar svo sem gangbrautarkerki sem nota skal við gagnbraut og vera beggja megin akbrautar. Ef eyja er á akbraut á merkið einnig vera þar. Það vantar einnig víða viðvörðunarkerki sem á að vera áður en komið er að gangbraut. Gangbrautarkerkið ætti ekki að vera lengra en 0,5 m frá gangbraut. Þetta er sérkennilegt því meirihlutinn í borginni hefur svo oft talað um að réttindi gangandi og hjólandi í umferðinni skuli koma fyrst. Allar gangbrautir eiga að vera merktar eins og eins og lög og reglugerðir kveða á um. Segir í þeim að „gangbrautir verði merktar með sebrabrautum og skiltum til að auka umferðaröryggi. Í reglugerð 289/1995 er kveðið á um að gangbraut skuli merkt með umferðarkerki báðum megin akbrautar sem og á miðeyju þar sem hún er. Þá skal merkja gangbraut með yfirborðsmerkingum, hvítum línunum þversum yfir akbraut (sebrabrautir).

Vísað til umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

21. **Sólvallagata 68**, kára 137/2018, (01.134.5) Mál nr. SN180813
umsögn, úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 26. nóvember 2018 ásamt kærðu dags. 25. nóvember 2018 þar sem kærð er samþykkt byggingarfulltrúa frá 13. nóvember 2018 á lóðarbreytingu sem felst í skiptingu lóðarinnar nr. 68 við Sólvallargötu. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 22. janúar 2019. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 12. nóvember 2019. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 14. nóvember 2018, sem staðfest var í borgarráði 29. s.m., er lýtur að afmörkun lóðanna Sólvallagötu 68 og Framnesvegur 31B.

22. **Skólavörðustígur 8**, kæra 104/2019, (01.171.2) Mál nr. SN190624
umsögn, úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 10. október 2019 ásamt kærðu dags. 9. október 2019 þar sem kærð er samþykkt byggingarfulltrúa Reykjavík frá 10. september 2019 um leyfi fyrir biljarðstofukrá með vínveitingaleyfi fyrir 30 gesti, veitingastað í flokki II tegund F, í rými 03-0201 í húsi á lóð nr. 8 við Skólavörðustíg. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 4. nóvember 2019. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 14. nóvember 2019. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 10. september 2019 um að samþykkja umsókn um leyfi fyrir biljarðstofu með vínveitingaleyfi að Skólavörðustíg 8.

23. **Skólavörðustígur 8**, kæra 105/2019, (01.171.2) Mál nr. SN190622
umsögn, úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 10. október 2019 ásamt kærðu dags. 9. október 2019 þar sem kærð er samþykkt byggingarfulltrúa Reykjavík frá 10. september 2019 um leyfi fyrir biljarðstofukrá með vínveitingaleyfi fyrir 30 gesti, veitingastað í flokki II tegund F, í rými 03-0201 í húsi á lóð nr. 8 við Skólavörðustíg. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 4. nóvember 2019. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 14. nóvember 2019. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 10. september 2019 um að samþykkja umsókn um leyfi fyrir biljarðstofu með vínveitingaleyfi að Skólavörðustíg 8.

24. **Skólavörðustígur 8**, kæra 106/2019, (01.171.2) Mál nr. SN190621
umsögn, úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 14. október 2019 ásamt kærðu dags. 13. október 2019 þar sem kærð er samþykkt byggingarfulltrúa Reykjavík frá 10. september 2019 um leyfi fyrir biljarðstofukrá með vínveitingaleyfi fyrir 30 gesti, veitingastað í flokki II tegund F, í rými 03-0201 í húsi á lóð nr. 8 við Skólavörðustíg. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 4. nóvember 2019. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 14. nóvember 2019. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 10. september 2019 um að samþykkja umsókn um leyfi fyrir biljarðstofu með vínveitingaleyfi að Skólavörðustíg 8.

25. **Skólavörðustígur 8**, kæra 108/2019, (01.171.2) Mál nr. SN190660
umsögn, úrskurður

701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 25. október 2019 ásamt kæru dags. 13. október 2019 þar sem kærð er samþykkt byggingarfulltrúa Reykjavík frá 10. september 2019 um leyfi fyrir biljarðstofukrá með vinnveitingaleyfi fyrir 30 gesti, veitingastað í flokki II tegund F, í rými 03-0201 í húsi á lóð nr. 8 við Skólavörðustíg. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 4. nóvember 2019. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 14. nóvember 2019. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 10. september 2019 um að samþykkja umsókn um leyfi fyrir biljarðstofu með vinnveitingaleyfi að Skólavörðustíg 8.

26. **Skólavörðustígur 8**, kæra 110/2019, (01.171.2) Mál nr. SN190661
umsögn, úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 30. október 2019 ásamt kæru dags. 25. október 2019 þar sem kærð er samþykkt byggingarfulltrúa Reykjavík frá 10. september 2019 um leyfi fyrir biljarðstofukrá með vinnveitingaleyfi fyrir 30 gesti, veitingastað í flokki II tegund F, í rými 03-0201 í húsi á lóð nr. 8 við Skólavörðustíg. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 4. nóvember 2019. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 14. nóvember 2019. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 10. september 2019 um að samþykkja umsókn um leyfi fyrir biljarðstofu með vinnveitingaleyfi að Skólavörðustíg 8.

27. **Funafold 42**, breyting á deiliskipulagi (02.860.5) Mál nr. SN190581
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 7. nóvember 2019 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Funafoldar vegna lóðarinnar nr. 42 við Funafold.

28. **Skarfagarðar 2**, breyting á deiliskipulagi (01.321.7) Mál nr. SN190584
500310-0490 DAP ehf, Litlu-Tungu, 276 Mosfellsbær

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 7. nóvember 2019 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Klettasvæðis, Skarfabakka vegna lóðarinnar nr. 2 við Skarfabakka.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 12:15

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

Geir Finnsson
Aron Leví Beck
Ólafur Kr. Guðmundsson

Hjálmar Sveinsson
Eypór Laxdal Arnalds
Katrín Atladóttir

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2019, þriðjudaginn 12. nóvember kl. 10:15 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1044. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Harri Ormarsson, Nikulás Úlfar Másson, Jón Hafberg Björnsson, Harpa Cilia Ingólfssdóttir, Edda Þórsdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson og Olga Hrund Sverrisdóttir. Fundarritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. **Aðalstræti 16** (01.136.506) 100596 Mál nr.
BN056863
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055994 þannig að innra skipulagi er breytt, m.a. er kjallaraveggur fjarlægður, settar upp sjálfvirkar eldvarnarhurðir í tengigang og lyfta sem tengir kjallara, hæð og ris og komið fyrir biðsvæði og samskiptabúnaði fyrir fatlaða í kjallara og tengigangi milli húsa nr. 10 og 16 á lóðum nr. 10,12 og 14-16 við Aðalstræti.
Erindi fylgja tillaga að lóðarbreytingu Aðalstrætis 10 og 12 dags. 31. október 2005 og tillaga að sameiningu lóðanna Aðalstræti 14-16, 18 og Túngötu 2 og 4 dagsett 5. desember 2003.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
2. **Austurstræti 3** (01.140.213) 100834 Mál nr.
BN056178
521288-1409 Fitjaborg ehf, Háholti 8, 210 Garðabær
Sótt er um leyfi til að byggja flóttastiga á bakhlið húss, að hluta á lóðinni Hafnarstræti 4 og innréttá veitingastað í flokki III, teg. skemmtistaður á 2. og 3. hæð húss á lóð nr. 3 við Austurstræti.
Erindi fylgir minnisblað um brunavarnir frá EFLU dags. 15. mars 2019, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 22. maí og 16. júlí 2019, skýrsla um hávaðaútbreiðslu frá EFLU dags. 27. maí 2019, samningur um flóttastiga á lóð Hafnarstrætis 4 dags. 30. apríl 2019, samþykki meðeigenda, samþykki eigenda Hafnarstrætis 4 dags. 30. apríl 2019 og í byggingarlýsingu er farið fram á undanþágu frá kröfu um algilda hönnun í samræmi við grein 6.1.5 í byggingareglugerð. Minnisblað um hávaðaútbreiðslu frá Verkís dags. 6. september 2019. Leigusamningur um afnot sameignar dags. 30. október 2019 og kvittun fyrir greiðslu og móttöku leigusamnings til þinglýsingar hjá sýslumanni dags. 1. nóvember 2019. Þinglýstur leigusamningur, innfært af Sýslumanni höfuðborgarsvæðisins, dags 7. nóvember 2019.
Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 17. maí 2019 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. maí 2019.
Gjald kr. 11.200 + 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áður en gerð verður öryggisúttekt skal fara fram hljóðmæling við norður útvegg húsanna að Veltusundi 4 og Austurstræti 4 og 6 og skal mælt hljóð ekki fara yfir 45 dB.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr.

112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

3. **Álfab. 12-16/Pönglab.** (04.603.503) 111722 Mál nr.
BN056876
681295-2599 Álfabakki ehf., Vatnsstíg 16-18, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta verslunarrými í veitingastað í flokki II tegund C með hámarks gestafjölda 15 manns og tvo starfsmenn í rými 0102 í húsi nr. 12. mhl.01, á lóð nr. 12-16 við Álfabakka/Pönglabakka.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits.
4. **Álftamýri 7-9** (01.280.102) 103661 Mál nr.
BN056503
490998-2179 Bjarkar ehf, Stigahlíð 59, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að hækka um eina hæð úr samlímdum timbureiningum, einangra og klæða að utan 2. og 3. hæð með koparlitaðri og dökkri áklæðningu, breyta innra skipulagi og innréttu fimm ný gistiherbergi á 3. hæð í gististað í flokki III, teg. A fyrir 42 gesti í mhl. 01 á lóð nr. 7-9 við Álftamýri.
Erindi fylgir umboð eiganda dags. 18. júlí 2018, samþykki meðlóðarhafa dags. 27. apríl 2018, samkomulag lóðarhafa dags. sama dag og útreikningur á orkuramma dags. 16. júlí 2019.
Stækkun: 252,5 ferm., 738,1 rúmm.
Stærð eftir stækkun, A-rými: 753,4 ferm., 2.236,4 rúmm.
B-rými: 2,9 ferm.
Gjald kr. 11.200 + 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
5. **Ármúli 3** (01.261.201) 103506 Mál nr.
BN056877
691206-4750 LF2 ehf., Álfheimum 74, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053132, þannig að innra skipulagi 4. og 5. hæðar er breytt og tunnuhurð á jarðhæð í anddyri er skipt út fyrir aðgangshurð, í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 3 við Ármúla.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
6. **Ásvallagata 25** (01.162.206) 101264 Mál nr.
BN056449
520407-0570 Ásvallagata 25, húsfélag, Ásvallagötu 25, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja svalir á 2., 3. og rishæð í íbúðarhúsi á lóð nr. 25 við Ásvallagötu.
Erindi fylgir ódagsett samþykki allra húseigenda áritað á uppdrátt dags. 11. júlí 2019, undirritað umboð eiganda íbúðar 0301 dags. 11. júní 2019 og umboð eiganda íbúðar 0001, dags. 11. júní 2019 auk skýrslu burðarþolshönnuðar dags. 14. júlí 2019. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. ágúst 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. ágúst 2019. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. október 2019 fylgir erindi.

Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Ásvallagötu 23 og 27 og Brávallgötu 30 og 40 frá 13. september 2019 til og með 11. október 2019. Engar athugasemdir bárust.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

7. **Bergstaðastræti 4** (01.171.307) 101407 Mál nr. BN056875

500516-0540 Mat Bar ehf., Ármúla 24, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta samþykktu erindið BN056227, þannig að útloftunarrör eru tekin beint upp úr þaki og fitugildru er breytt, í húsi á lóð nr. 4 við Bergstaðastræti.

Samþykki eiganda dags. 30. okt. 2019 fylgir erindinu.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

8. **Bláskógar 16** (04.941.303) 112949 Mál nr. BN056809

020944-4209 Sveinbjörn Kristjánsson, Bláskógar 16, 109 Reykjavík

171045-7899 Arnbjörg Óladóttir, Bláskógar 16, 109 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir innri breytingum þar sem lokað er fyrir aðgengi á milli íbúða og gangur er sameinaður, við íbúð 0101, í húsinu á lóð nr. 16 við Bláskóga.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

9. **Borgartún 8-16A** (01.220.107) 199350 Mál nr. BN056864

531114-0270 Höfðaíbúðir ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að innrétta hárgreiðslustofu og verslunar- og skrifstofurými á 1. hæð í Bríetartúni 9 á lóð nr. 8-16A við Borgartún.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

10. **Bólstaðarhlíð 5** (01.270.211) 103588 Mál nr. BN056768

270980-4309 Davíð Kristófer Young, Bólstaðarhlíð 5, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að tengja geymslu, sem var í eigu íbúðar 0201, við íbúð 0001, fjarlægja vegg milli íbúðar og geymslu annars vegar og vegg á milli stofu og eldhúss hins vegar og koma fyrir nýrri geymslu, 0103, í bílskúr 0102 mhl. 02 á lóð nr. 5 við Bólstaðarhlíð.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 4. desember 2012. Bréf hönnuðar dags. 4. nóvember 2019 þar sem erindi BN056384 er afturkallað. Einnig fylgir samþykki meðeigenda dags. 4. nóvember 2019.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

11. Bæjarháls 1 (04.309.601) 190769 Mál nr.
BN056729

501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta dælu- og spennistöð mhl.07 þannig að þak er fjarlæggt að hluta og hækkað um 1,6 m með stálgrind sem klædd verður með samlokueiningum á húsi nr. 1 við Bæjarháls.

Erindi fylgir hæðablað dags. desember 2000, mæliblað dags. 17. nóvember 2005 og samþykki meðeigenda með teikningu dags. 24. september 2019.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 1. nóvember 2019 fylgir erindi.

Stækkun: 125,4 ferm., 320,7 rúmm.

Heildarstærð eftir stækkun: 255,6 ferm., 1.062,4 rúmm.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Askilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

12. Dalbraut 3 (01.350.007) 104125 Mál nr.
BN056874

190793-3709 Bích Khuyen Tran, Skipasund 88, 104 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir rekstri á snyrtistofu með tveimur til þremur starfsmönnum ásamt áður gerðum breytingum á innra skipulagi rýmis 0102 í húsi, mhl. 02, á lóð nr. 3 við Dalbraut.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

13. Dalhús 83-85 (02.847.403) 109821 Mál nr.
BN056762

170671-5039 Ásdís Björg Jónsdóttir, Dalhús 85, 112 Reykjavík

100276-5509 Hákon Örn Birgisson, Dalhús 83, 112 Reykjavík

Sótt er um leyfi til þess að byggja þak yfir svalir og setja upp svalalokanir á raðhúsi, mhl. 01 og mhl. 02 á lóð nr. 83-85 við Dalhús.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 7. nóvember 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. nóvember 2019.

Stækkun: nr. 83 : B-rými: 16.2 ferm., 37.3 rúmm., nr. 85: B-rými: 16.2 ferm., 37.3 rúmm.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 7. nóvember 2019.

14. Drafnarfell 2-18 (04.683.007) 112306 Mál nr.
BN056766

291064-2219 Karl Víkingur Stefánsson, Herjólfsgata 22, 220 Hafnarfjörður

Sótt er um leyfi fyrir kaffihúsi í flokki II tegund ? fyrir 50 gesti ásamt áður gerðum breytingum í mhl. 04, rými 0101, í húsi nr. 18 á lóð nr. 2-18 við Drafnarfell.
Erindi fylgir samþykki eigenda dags. 2. október 2019.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.

15. **Faxagarður 1**

Mál nr.

BN056709

530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja einnar hæðar, stálgrindarhús klætt lerki, fyrir vakt- og spennistöð á lóð nr. 1 við Faxagarð.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.

16. **Fálkagata 18**

(01.553.009) 106523

Mál nr.

BN056796

660116-0360 Berg 13 slf., Smiðjuvegi 11, 200 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta verslunarhúsæði á 1. hæð í 3 einstaklingsíbúðir, innra skipulagi breytt á 2. hæð sem og gluggum og útihurðum á húsi nr. 18 við Fálkagötu.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 5. október 2019 og bréf hönnuðar með yfirliti yfir breytingar.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 7. nóvember 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. nóvember 2019. Gjald kr. 11.200
Synjað.
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 7. nóvember 2019.

17. **Freyjubrunnur 1**

(02.695.701) 205705

Mál nr.

BN056897

040184-2369 Hrannar Markússon, Sifjarbrunnur 6, 113 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054482 þannig að opnað er inn í hol frá anddyri, uppröðun í eldhúsi, brunahurð sett inn í bílskúr, byggja yfir útisvæði á norðurhorni lóðar og settur er stoðveggur á lóðarmörkum nr. 1 og 3 á lóð nr. 1 við Freyjubrunn.
Stækkun B-rýmis : XX ferm. og XX rúmm.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

18. **Friggjarbrunnur 13-15**

(02.693.503) 205772

Mál nr.

BN056850

131281-4479 Gunnar Ingi Arnarson, Brekkuás 21, 221 Hafnarfjörður
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN037721 vegna lokaúttektar þannig að skipulagi lóðar er breytt við parhús á lóð nr. 13-15 við Friggjarbrunn.
Erindi fylgir minnkað afrit af innlögðum teikningum A3, samþykki lóðarhafa Friggjarbrunni 17 í tölvupósti dags. 7. nóvember 2019 og samþykki lóðarhafa Friggjarbrunni 11 í tölvupósti dags. 7. nóvember 2019.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðarmörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

19. **Friggjarbrunnur 20-22**

(05.053.301) 205911

Mál nr.

BN056859

081157-6509 Rúnar Ásbergsson, Friggjarbrunnur 22, 113 Reykjavík

311060-7169 Guðrún Brynja Bárðardóttir, Friggjarbrunnur 22, 113 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN034987, vegna lokaúttektar á húsi nr. 22, þar sem brunakrafa á glugga í geymslu er afnumin, staðsetningu sorps er breytt og komið er fyrir steypum stoðvegg á milli húsanna á lóð nr. 20-22 við Friggjarbrunn.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.

20. **Garðastræti 14** (01.136.308) 100566 Mál nr.
BN055958

061148-3459 Guðrún Jónasdóttir, Garðastræti 14, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja rishæð með kvistum á þrjá vegu og gera þar sjálfstæða íbúð í húsi á lóð nr. 14 við Garðastræti.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 11. mars 2019 og 2. apríl 2019, afrit af umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. janúar 2019 og samþykki meðeigenda dags. 25. mars 2019 og 22. mars 2019. Einnig fylgir minnisblað Eflu um brunahönnun útgáfu dags. 20. maí 2019.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 30. ágúst 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. ágúst 2019. Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Garðastræti 11, 13, 13a, 15, 16 og 17, Bárugötu 2, 3 og 4 og Öldugötu 2 frá 16. maí 2019 til og með 13. júní 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Gestur Ólafsson dags. 11. júní 2019 og Lilja Valdimarsdóttir og Pálmi Guðmundsson dags. 13. júní 2019.
Stækkun: 110,2 ferm., 33,7 rúmm.
Gjald: kr. 11.200 + 11.200
Frestað.
Lagfæra skráningu.

21. **Geirsgata 7-7C** (01.117.307) 219202 Mál nr.
BN056836

530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053195 þannig að innra skipulagi er breytt í húsi nr. 7, í mhl. 03, á lóð nr. 7-7C við Geirsgötu.
Erindi fylgir bréf hönnuðar mótt. 11. nóvember 2019.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.

22. **Gerðarbrunnur 12-14** (05.056.402) 206053 Mál nr.
BN056856

050479-4129 Sandra Ósk Sigurðardóttir, Gerðarbrunnur 12, 113 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN037559 vegna lokaúttektar á húsi nr. 12, mhl. 01, á lóð nr. 12-14 við Gerðarbrunn.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

23. **Gerðarbrunnur 2-10** (05.056.401) 206052 Mál nr.
BN056789

540814-0230 Kjalarland ehf., Lág múla 6, 108 Reykjavík
